

AUGLÝSING

um stöðvun strandveiða á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps.

1. gr.

Frá og með 14. júní 2012 eru strandveiðar bannaðar á svæði A, frá Eyja- og Miklaholtshreppi til Súðavíkurhrepps, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 206, 29. febrúar 2012, um strandveiðar fiskveiðiárið 2011/2012.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í reglugerð nr. 206, 29. febrúar 2012, um strandveiðar fiskveiðiárið 2011/2012, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. júní 2012.

F. h. r.

Jóhann Guðmundsson.

Hrefna Karlsdóttir.